

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. júní 2021 í máli nr. 101/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 27. september 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreið sem keypt var af varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 12. október 2020, 9. nóvember 2020 og 15. desember 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust ekki frá varnaraðila. Framangreindum tölvubréfum var fylgt eftir með bréfpósti, dags. 7. janúar 2021, með tilkynningu um lok gagnaöflunar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, afrit af kaupsamningi vegna kaupa sóknaraðila á bifreiðinni af varnaraðila, dags. 21. mars 2020, afrit af reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni frá fyrirtækinu Z dags. 14. desember 2020, svo og afrit af reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni árið 2018 þegar bifreiðin var í eigu þriðja aðila.

Með tölvubréfi, dags. 19. janúar 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á bifreið, af gerðinni Nissan Pathfinder, árgerð 2007, ekin um 160.000 km., af varnaraðila þann 21. mars árið 2020. Kaupverð bifreiðarinnar var 550.000 krónur. Að sögn sóknaraðila var ekkert athugavert við bifreiðina við fyrstu notkun nema að bifreiðin hafi verið „[treg] að skipta sér niður í brekkum“. Um miðjan júní árið 2020 hafi hins vegar farið að verða erfitt að aka bifreiðinni þar til þann 20. júní þegar bifreiðin hætti að skipta sér ofar en „3 þrep“. Sóknaraðili kveðst hafa ekið bifreiðinni í því ástandi heim til sín og á verkstæði daginn eftir. Við skoðun á verkstæðinu var ákveðið að skipta um vökva á skiptingunni en þegar það hafði ekki áhrif var sóknaraðila bent á að leita með bifreiðina á sérhæft verkstæði. Sóknaraðili hafði í kjölfarið samband við verkstæðið Z. Sóknaraðila var bent á að hann gæti komið með bifreiðina strax til skoðunar svo hægt væri að meta hvað væri best að gera til að koma bifreiðinni í lag.

Þann 24. júní fékk sóknaraðili upplýsingar um að svo virðist sem hraði komi ekki á skynjara sem á að skynja hraða skiptingar bifreiðarinnar, bifreiðin sé föst „á ventlaboxinu“ og einnig sjálfskiptitölvan. Þann 19. ágúst 2020 var sóknaraðila tilkynnt að mikið svarf hefði fundist í skiptingu og skynjurum bifreiðarinnar. Þurfi þar af leiðandi að fara í gegnum skiptingu bifreiðarinnar til að koma henni í lag og finna hvaðan svarfið væri að koma. Sóknaraðili fékk þær upplýsingar að kostnaður viðgerðarinnar yrði um það bil 650.000 krónur með því sem

komið væri, þ.e. nýjar þéttingar og diskar í skiptingu, uppgerð á converter, hreinsa kæla, forritun á rafmagnsboxi, olíu og vinnu við að taka íhluti úr bifreiðinni og koma íhlutum fyrir.

Sóknaraðili telur ólíklegt að umrædd bilun hafi komið upp eftir að hann keypti bifreiðina og á þeim 500 km sem sóknaraðili hafði ekið frá kaupunum. Hafði sóknaraðili samband við bílasöluna sem hafði milligöngu um kaupin þann 8. júlí 2020 og tilkynnt um bilunina ásamt því að hafa samband við varnaraðila og óskað eftir hans þáttöku í viðgerðarkostnaðinum. Sóknaraðili hefur ekki fengið svar frá varnaraðila. Gerir sóknaraðili þá kröfu að varnaraðila verði gert að greiða helming af viðgerðarkostnaði vegna bilunarinnar, sem samkvæmt framlögðum reikningi frá fyrirtækinu Z, dags. 14. desember 2020, er að fjárhæð 896.753 krónur.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni Nissan Pathfinder, árgerð 2007, af varnaraðila þann 21. mars árið 2020 fyrir 550.000 krónur. Bifreiðinni hafði verið ekið 160.000 km við kaupin. Skipting bifreiðarinnar bilaði tæplega þremur mánuðum síðar þegar sóknaraðili hafði ekið bifreiðinni um 500 km að eigin sögn. Samkvæmt framlögðum reikningi nemur viðgerðarkostnaður 896.753 krónum. Telur sóknaraðili að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða sér helming viðgerðarkostnaðarins.

Varnaraðili er fyrirtæki í atvinnurekstri og gilda því lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) um viðskipti málsaðila. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 21. mars 2020, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Í 1. mgr. 17. gr. nkpl. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Ekki verður séð að sá reikningur sem sóknaraðili fann í bifreiðinni og hefur lagt fram í málinu, frá 30. nóvember árið 2018 þegar bifreiðin var í eigu þriðja aðila, leiði til þess að varnaraðili teljist hafa vanrækt að veita sóknaraðila upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða

hlaut að þekkja til í skilningi b-liðar 16. gr. nkpl. Liggja ekki fyrir upplýsingar um aðstæður fyrir og eftir þá viðgerð. Þá liggur ekkert fyrir um vitneskju varnaraðila um þá viðgerð, sem fór fram áður en bifreiðin var seld til annars fyrirtækis, eða nákvæma þýðingu þeirrar viðgerðar fyrir þá bilun sem kom upp í bifreiðinni tæplega tveimur árum síðar. Er því ekki unnt að slá því föstu að bifreiðin hafi verið haldin galla á þeim grundvelli. Þá verður ekki séð að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem varnaraðili hafði gefið um hana fyrir kaupin samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. enda hefur ekkert komið fram í málinu um þær sérgreindu upplýsingar sem gætu átt þar undir.

Stendur þá eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Bifreiðin var 13 ára gömul við kaupin og hafði verið ekin 160.000 km. Verð á notuðum bifreiðum á þessum aldri getur verið mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana. Hár aldur og mikill akstur bifreiðarinnar gaf sóknaraðila sérstaka ástæðu til að skoða bifreiðina vandlega áður en kaupin fóru fram. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvort sóknaraðili hafi farið með bifreiðina í ástandsskoðun fyrir kaupin eða aðeins byggt á eigin skoðun á bifreiðinni.

Umrædd bifreið þarfnaðist viðgerðar um þremur mánuðum eftir kaupin. Viðgerðarkostnaður vegna bilunarinnar er, samkvæmt gögnum málsins, 346.753 krónum hærrí en kaupverð bifreiðarinnar. Þegar bifreiðar hafa náð slíkum aldri og verið eknar langar vegalengdir getur óumflýjanlega komið til þess fyrir eða síðar að bifreið þarfnist viðhalds eða viðgerðar, sem jafnframt geta verið kostnaðarsamar. Þrátt fyrir að viðgerðarkostnaður sé samkvæmt gögnum málsins verulega hár miðað við kaupverð bifreiðarinnar verður ekki annað séð en að sóknaraðili hafi mátt gera ráð fyrir að þurfa fyrir eða síðar að leggja í viðgerðir á bifreiðinni miðað við aldur og keyrslu hennar.

Þegar lítið er til framangreinds er ekki unnt að fallast á að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Hefur ekki verið sýnt fram á annað í málinu en að um bilun sé að ræða sem stafi af ástandi bifreiðarinnar, aldurs og akstri, sem lá fyrir á kaupdegi. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

V

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson